Reykjavík

Félagmiðstöðin Hólmasel

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 4
Helstu dagsetningar 4
- Ágúst 4
- September 4
- Október 4
- Nóvember 4
- Desember 4
- Janúar 4
- Febrúar 4
- Mars 4
- Apríl 4
- Maí 4
- Júní 4
- Júlí 4

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat Hólmasels auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni.
- Starfsemi og opnunartími tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og hópa. Í starfinu er boðið upp á opið starf og hópastarf.
- Félagsmiðstöðin veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra málefna.
- Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.
- Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á samfélagsmiðlum og/eða kynningarfundum).
- Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
- Unglingar og börn hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.
- Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.

Umbótaáætlun 2026-2027

• Heiti aðgerðar: Lýðræði	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
Tækifæri til umbóta.	Erum ekki með félagsmiðstöðvaráð, hefur ekki gengið því þau eru upptekin í nemendaráðum sem hafa stækkað mikið. Reynum að virkja þau í ungmennaráð Breiðholts og til að sjá um staka viðburði.
Aðgerðir til umbóta.	Auglýsa og kynna ungmennaráð Breiðholts vel. Fela þeim ábyrgð yfir viðburðum sem þau stinga upp á.
Ábyrgð	Forstöðu og aðstoðarforstöðumaður.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Metið út frá þátttöku og fjölda viðburða sem þau taka þátt í að skipuleggja og stjórna.
Viðmið um árangur.	Að unglingar komi að amk 2 viðburðum á önn.

Heiti aðgerðar: Aðstaða	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Unglingar og börn hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.
Tækifæri til umbóta.	Fá fleiri hugmyndir frá þeim varðandi innkaup og útlit félagsmiðstöðvarinnar.
Aðgerðir til umbóta.	Setja upp hugmyndakassa og ræða á stórfundum og í óformlegu spjalli. Hafa húsnæðisfund einu sinni á ári.
Ábyrgð	Forstöðu og aðstoðarforstöðumaður.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.nóvember til 1.júní.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Tekið upp á starfsmannafundi og stórfundum með unglingum.
Viðmið um árangur.	Að unglingar komi með hugmyndir af amk 1 breytingu varðandi húsnæði og koma að innkaupum á amk 2 hlutum.

• Heiti aðgerðar: Allir hafa rödd	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.
Tækifæri til umbóta.	Virkja betur þá sem ekki tala íslensku eða eru í veikri félagslegri stöðu.
Aðgerðir til umbóta.	Mæta í tungumálavera og kynna starfið fyrir þeim. Reyna niðurgreiða kostnaðarsama viðburði.
Ábyrgð	Forstöðu- og aðstoðarforstöðumaður

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.nóvember til 1.júní
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Tekið upp á starfsmannafundi og farið yfir hverig hefur gengið að heyra rödd þessa hóps.
Viðmið um árangur.	Að þessi hópur mæti á stórfundi eða skili inn hugmyndum þegar við komum til þeirra í skólana.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Ungmennráð Breiðholts vinnur með alla þætti menntastefnunar.

Í öllu hópastarfi Hólmasels er unnið markvisst með félagsfærni og sjálfseflingu. Í D&D hópnum er einnig mikið unnið með sköpun og í bókaklúbb með læsi.

Í Breiðholt got talent og söngkeppni er unnið með sjálfseflingu og sköpun. Í viku 6 er unnið með heilbrigði. Í kynfræðslu og lífsleiknikennslu er komið inn á félagsfærni, sjálfseflingu og heilbrigði.

Á almennum opnunum í félagsmiðstöðvum er sífellt verið að vinna með félagsfærni, sjálfseflingu og sköpun í fjölbreyttum verkefnum og dagskráliðum. Má þar t.d. nefna baksturskeppni, teiknikeppni, kertamálun, fatalitun, armbandsgerð, stuttmyndakeppni, kokkakeppni, útieldun, leira, fræðslur, föndur og framkoma. Erum einnig með stúdíó þar sem þau geta búið til tónlist, myndbönd og fleira.

Helstu dagsetningar

Ágúst
Félagsmiðstöðin opnar

September
Breiðholtsball
Starfsdagar Samfés
Breiðholtsdraumurinn
Starfdagur unglingastarfs Miðbergs

Október
Landsmót Samfés
Fótboltamót Breiðholts
Náttfatanótt
Félagsmiðstöðvadagurinn
Vetrarfrí

Nóvember
8.bekkjarferð
Rímnaflæði
Nýliðafræðsla
Pílumót Breiðholts
Skrekkur

Desember
Söngkeppni Breiðholts
Jólahlaðborð 10.bekkjar
Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva í Breiðholti

Borðtennismót Breiðholts

Janúar
Starfsdagur unglingastarfs Breiðholts
Samfé-Con
Körfuboltamót Breiðholts

Febrúar
Breiðholt got talent
Vika 6
Vetrafrí
Poolmót Breiðholts

Mars
Danskeppni Samfés
Stíll
Skíðaferð Breiðholts
Fifamót Breiðholts

Apríl
Aðalfundur Samfés
Barnamenningahátíð
Frisbígolfmót Breiðholts

Maí
Samfest
Breiðholtsleikarnir

Júní
Lokakvöld 10.bekkjar
Sumarstarf
Sumaropnanir
Útilega

Júlí
Síðasta kvöldopnun

Sumarfrí